



## MINNISBLAÐ

**Efni:** Niðurfelling tolls af tollskrárnúmeri 2005.2003  
**Til:** Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis  
**Dags.:** 6. desember 2015

---

Samtök iðnaðarins mótmæla tillögu meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar um að fella einhliða niður toll af snakki í tollskrárnúmeri 2005.2003, nasl, svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir og þess háttar þó ekki úr kartöflumjöli. Samtökin benda á að nýlega sömdu stjórnvöld við Evrópusambandið um 40% lækkun tolla af kartöflusnakki í tollskrárnúmerinu 2005.2002, ófrystar, sneiddar eða skornar kartöflur. Ennfremur var sambærileg lækkun tolla á frönskum kartöflum í tollskrárnúmeri 2004.1002. Við þá samninga var ákveðið að hreyfa ekki við öðrum tollskrárnúmerum sem taka til afurða úr kartöflum, þar á meðal tollskrárnúmeri 2005.2003 enda fór Evrópusambandið, samningsaðili íslenska ríkisins, ekki fram á lækkun þeirra.

Fríverslunarsamningurinn gerir ráð fyrir ríflega árs aðlögunartíma fyrir íslenska framleiðendur en kemur engu að síður til með að hafa veruleg neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra snakkframleiðenda. Áðurnefnd tillaga um að fella einhliða niður toll af snakki í tollskrárnúmeri 2005.2003, sem kæmi til framkvæmda 1. janúar 2016, er í fullkomnu ósamræmi við þá aðgerð stjórnvalda að draga úr tollum á matvæli í áföngum. Einhliða niðurfelling tolla á vörum sem eru í beinni samkeppni við innlenda framleiðslu án aðlögunar, eins og hér lagt til, er harkaleg aðgerð. Sérstaklega í ljósi þess að tillagan gengur mun lengra en samningur Íslands við Evrópusambandið þar sem umrædd niðurfelling tekur ekki aðeins til vara frá Evrópusambandinu heldur heiminum öllum.

Nái þessi tillaga fram að ganga mun hún óhjákvæmilega skerða samkeppnisstöðu íslenskra framleiðenda, enda fá þeir nánast engan tíma til að aðlaga sig verulega breyttu rekstrarumhverfi. Sé það vilji stjórnvalda að gera breytingar á rekstrarumhverfi íslenskra framleiðenda, sem hafa umtalsverð áhrif á samkeppnishæfni þeirra, er mikilvægt að slíkt sé gert með rúmum aðlögunartíma.

Í ljósi framangreinds hvetja SI efnahags- og viðskiptanefnd til að taka tillit ofangreindra sjónarmiða og gæta meðalhófs við setningu laga sem hafa svo afdrifarík áhrif á rekstur fyrirtækja. Leggja SI því til að horfið sé frá þeirri tillögu að leggja niður toll á tollskrárnúmer 2005.2003 í því frumvarpi sem nú liggur fyrir.

f.h. Samtaka iðnaðarins

---

Almar Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri